107. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn miðvikudaginn 3. maí 2023, kl. 12:30 að Hlíðasmára 10.

Fundinn sátu: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, , Ásgeir Haukur Guðmundsson, Katrín Helga Reynisdóttir og Teitur Erlingsson. Friðrik Ómarsson sat fundinn með fjarfundarbúnaði. Björn Jónsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn.

1. Fundur settur
Formaður setti fundinn klukkan 12:45 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar
Fundargerð 106. stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar og samþykkt samhljóða.

3. Uppfærð rekstraráætlun 2023
Framkvæmdastjóri lagði fram uppfærða rekstraráætlun fyrir árið 2023. Áætlunin innfelur rauntölur fyrir tímabilið janúar-apríl og áætlun fyrir tímabilið maí-desember. Rekstrarniðurstaða áætlunarinnar gerir ráð fyrir rúmlega 4 m.kr. rekstrartapi á árinu og fyrirsjáanlegt er að lausafé muni klárast á haustmánuðum. Framkvæmdastjóri benti á, í ljósi þess að áætlaðar tekjur muni ekki nægja til að standa undir rekstri félagsins, að það sé skilda stjórnarmanna og framkvæmdastjóra að grípa til aðgerða. Umræður urðu um málið.
Framkvæmdastjóra í samráði við Ásgeir og Kristján er falið að gera aðgerðaráætlun til að bregðast við rekstrarvanda félagsins og leggja fram tillögur á næsta stjórnarfundi.

4. Tillaga að breytingum að samþykktum Markaðsstofu Kópavogs
Frestað var að leggja fram breyttar samþykktir fyrir Markaðsstofu Kópavogs til endanlegrar samþykktir.

4. Önnur mál
Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026